

Reykjavík, 2. október 2019

Niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem metin eru kerfislega mikilvæg fer slíkt mat fram árlega.

Í ferlinu er meðal annars lagt mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti, útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum styðst Fjármálaeftirlitið við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum](#) sem byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur Fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárhlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættum sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur Fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Arion banki hf. skilaði Fjármálaeftirlitinu mati sínu á eiginfjárþörf miðað við 31. desember 2018, með svokallaðri ICAAP/ILAAP-skýrslu, í mars 2019. Fjármálaeftirlitið sendi bankanum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins í júlí 2019 og fékk bankinn tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli bankans bárust í ágúst 2019. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið könnunar- og matsferlinu og sendi Arion banka hf. bréf um niðurstöður í september 2019.

Viðbótarkrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn Arion banka hf. (Stoð II-R)

Helsta niðurstaða könnunar- og matsferlisins var að Arion banki hf. skyldi frá 30. september 2019 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 3,1% af áhættugrunni. Viðbótarkrafan kemur til vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu og markaðs- og fastvaxtaáhættu, auk áhættu vegna dótturfélaga og lagaáhættu, sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I). Viðbótarkrafan skiptist þannig að almennt eigið fé þáttar 1 skal nema að lágmarki 1,7% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 2,3% af áhættugrunni.¹

¹ Sbr. a-lið 4. mgr. og 7. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki.

Viðbótareiginfjárfkrafa Fjármálaeftirlitsins kemur til viðbótar grunnkröfu um eiginfjárgrunn og eiginfjáraukum:

- Grunnkrafa um eiginfjárgrunn (stoð I) nemur 8% af áhættugrunni. Af kröfunni skal almennt eigið fé þáttar 1 nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 6% af áhættugrunni².
- Samanlögð krafa um eiginfjárauka nemur 8,9% af áhættugrunni og skal henni vera að fullu mætt með almennu eigin fé þáttar 1. Samanlögð krafa um eiginfjárauka tekur mið af samsetningu innlendra og erlendra áhættuveginna eigna, sem er ólík á milli banka. Miðað við hækkun sveiflujöfnunarauka hinn 1. febrúar 2020 um 0,25 prósentur verður hin samanlagða krafa um eiginfjárauka að óbreyttu 9,2%. Mælist Fjármálaeftirlitið til þess að bankinn viðhaldi áfram eigin fé í samræmi við fyrirhugaða hækkun sveiflujöfnunaraukans.³

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn Arion banka hf., á samstæðugrunni, nemur því 20,0% af áhættugrunni og samanstandur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn, viðbótarkröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn og eiginfjáraukum. Heildarkrafa um eiginfjárgrunn bankans, á móðurfélagsgrunni, nemur 19,9% að frádreginni eiginfjárförf vegna dótturfélaga.

Fjármálaeftirlitið hefur komið því á framfæri við Arion banka hf. að við mat á eiginfjárförf verði að líta til atvika sem mögulega geta komið til síðar. Þannig þarf stjórn bankans að horfa til þess að bankinn geti viðhaldið eðlilegri lánastarfsemi, líka í niðursveiflu, og að fjármögnun bankans sé þannig háttáð að hún styðji við aðgang bankans að fjármálamörkuðum við erfiðar markaðsaðstæður.

Athugasemdir og úrbótakröfur

Fjármálaeftirlitið kom eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Arion banka hf. í könnunar- og matsferlinu og fór fram á viðeigandi úrbætur.

- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við stefnu og verklag bankans vegna hagsmunaárekstra, meðal annars um skrásetningu á viðvarandi og tilfallandi hagsmunaárekstrum starfsmanna, stjórnar og í almennri starfsemi bankans ásamt skjalfestingu á viðbrögðum í hverju tilviki fyrir sig. Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn endurskoðaði og uppfærði stefnu og verklag vegna hagsmunaárekstra.
- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að upplýsingatæknistefna bankans hefði ekki verið lögð fyrir stjórn til samþykktar. Fjármálaeftirlitið fór fram á að úr þessu yrði bætt og beinir því til bankans að uppfæra upplýsingatæknistefnuna reglulega og með formlegum hætti.

² Sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

³ Sjá einnig ákvarðanir um eiginfjárauka á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins:
<https://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/fjarmalastodugleiki/eiginfjaraukar/>